

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 49/1919:

Gísli J. Johnsen
 gegn
 Oddgeiri Guðmundsen.

D ó m u r :

Stefndi Oddgeir Guðmundsen prestur í Vestmanneyjum höfðaði þetta mál gegn áfrýjanda Gísla J. Johnsen konsúl sama staðar fyrir meiðyrði, og var það dæmt í aukarétti Vestmanneyjasýslu 2. ág. þ. á. á þann veg, að umstefnd meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi skyldi greiða 400 kr. sekt í landsjóði eða sæta einföldu fangelsi í 2 mánuði, ef sektin væri eigi greidd í tækan tíma, og greiða stefnda 60 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Gísli J. Johnsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15 ág þ. á., og krafist þess að dómnum verði breytt þannig að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins

Stefndi hefir krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hin umstefndu meiðyrði viðhafði áfrýjandi, að sögn stefnda, á fundi sáttanefndar Vestmanneyja 15. jan. þ. á., að stefnda fjærstöddum, er leitað var um sættir í viðskiftamáli milli áfrýjanda og annars manns. Meiðyrðin eru í sáttakæru og stefnu talin þessi: að stefndi sé þjófur, að hann hafi svívirnt konu áfrýjanda og væri nú að svívirða hann (áfrýjanda)

að hann (stefndi) sé helvítis svin og að hann (áfrýjandi) skyldi afhjúpa prestinn og senda biskupi afrit af sáttakærunni í fyrgreindu máli, til þess að stefndi yrði settur af embætti, og sóknarbörn hans fengju að sjá hvaða ómenni þeir hefðu fyrir prest.

Áfrýjandi neitaði því fastlega að hann hefði haft þessi ummæli um stefnda, hvort heldur á sáttafundinum eða endranær, og stefndi kvaddi því sátta- nefndarmennina til vitnisburðar, en áfrýjandi mótmælti því að þeir væru látnir bera vitni í málinu, bæði af því að stefndi hefði samkvæmt N. L. 1—3—22 fyrirgert rétti sínum til að leiða vitni um sakarefnið og af því að það væri baunað í sáttalöggjöfinni að leita vitnisburðar sátta nefndarmanna um það, er gerist á sáttafundum. En með úrskurðum aukaréttarins, uppkveðnum 28. júní og 1. ágúst var þessum mótmælum hrundið og fór vitnaleiðslan fram. Í sóknarskjali fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi krafist þess, að nefndir úrskurðir verði ómerktir og vitnisburðir sátta nefndarmannanna metnir ógildir, en með því að áfrýjandi hefir eigi í áfrýjunarstefnunni krafirs ómerkingar úrskurðanna, verður þeim eigi breytt og krafa áfrýjanda í þá átt eigi tekin til greina.

Með samhljóða vitnisburði sátta nefndarmannanna verður að telja það sannað, að áfrýjandi hafi viðhaft um stefnda við fyrgreint tækifæri hin átöldu orð, eða ummæli í líka átt. Að sönnu muna vitnin eigi hvort áfrýjandi hafði orðið »þjófur« um stefnda en þau skildu ummæli áfrýjanda sem brígl í þá átt, eða að stefndi hefði tekið undir sig peninga, sem hann átti

eigi, og annað vitnið mundi eigi að áfrýjandi hefði talað um að senda biskupi eftirrit af sáttakærunni í þeim tilgangi að stefndi yrði settur af embætti. Áfrýjandi hefir eigi reynt að finna neinn stað þessum getsökum og ókvæðisorðum í garð stefnda, en þau eru freklega meiðandi og verður að dæma þau dauð og ómerk; svo verður áfrýjandi og að sæta sekt fyrir þau, og þykir hún samkvæmt 217 gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 hæfilega ákveðin 300 kr. til landssjóðs, en í stað hennar komi einfalt fangelsi í 45 daga, ef hún er eigi greidd í ákveðinn tíma. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist. Það þykir og rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Gísli J. Johnsen greiði 300 kr. sekt í landssjóð eða sæti 45 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tækan tíma. Ákvæðum aukaréttardómsins um ómerking meiðyrða og málskostnað skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdóm greiði áfrýjandi stefnda með 25 krónum. — Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.